



ATVINNU-, FERÐA OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS

4. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 7.júní 2023 kl. 17:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eyþórsdóttir, formaður. Elvar Harðarson og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Formaður ritaði fundargerð í tölvu, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Yfirferð og umræður vegna páskaviðburðar.

Páskaeggjaleit var haldin þann 10.apríl kl. 11:00 í Lækjagarðinum í samstarfi við Límtré Vírnet. Þeir stóðu undir öllum kostnaði við viðburðinn og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið. Veðrið var frábært og mikill fjöldi sótti viðburðin. Lagt var upp með að öll börn fengju jafn mikið af eggjum og síðan voru kleinur og kakó í boði fyrir alla. Mikil ánægja var með viðburðinn og leggjum við upp með að hann verði aftur að ári.

2. Flúðir um Versló.

Flúðir um Versló er falleg fjölskylduhátíð sem haldin er ár hvert um verslunarmannahelgina. Umræður sköpuðust um hátíðina og umgjörðina sem henni fylgir. Mikilvægt er að atvinnurekendur á svæðinu hafi tækifæri til þess að koma upplýsingar um sína þjónustu á framfæri við gesti hátíðarinnar. Því verði farið í þá vinnu að hafa samband við þá atvinnurekendur og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa áhuga á að hafa opið yfir hátíðina og koma þeim upplýsingum saman.

ABs

3. Uppsakeruhátíðin

Uppsakeruhátíðin verður haldin laugardaginn 2.september. Viðburðurinn hefur undanfarin ár verið vel sóttur og vinsældir hans aukast með hverju ári. Mikilvægt er að hefja undirbúning sem fyrst svo hægt sé að taka vel á móti öllum þeim sem sækja markaðinn. Einnig hvetjum við atvinnurekendur á svæðinu til þess að taka þátt og hafa opið fyrir áhugasama. Nefndin er sammála um að skemmtilegt væri ef tónleikar eða annar viðburður yrði haldin að markaði loknum.

Nefndin heldur áfram skipulagningu og skipti með sér verkefnum. Formanni gert að hafa sambandi við Ásborgu og fara yfir auglýsingamál og önnur atriði sem snúa að viðburðinum

4. Minnisblað varðandi byggðaþróunarfulltrúa

Sveitarstjórn vísaði málinu til umfjöllunar í Atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd. Umræður urðu um málið og nefndin tekur jákvætt í það að aukið verði við byggðarþróun þar sem mikil sókn og uppbygging er á sviðinu. Fögnum framlagi SASS og þeim stóra áfanga sem náðst hefur í þessum málum. Nefndin hvetur sveitarstjórn til að samþykkja framlengingu á samningi við ferðamálaufulltrúa.

5. Önnur mál

Enginn önnur mál tekin fyrir, lagt verður með að næsti fundur verði eftir miðjan ágúst.

Fundi slitið kl. 18:19.

Arna Þöll Sigmundsdóttir